

Sent til: skipulag@hafnarfjordur.is

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar

Norðurhellu 2,

221 Hafnarfirði.

Bt. Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur.


Hafnarfirði, 02.06.2021

Efni: Hverfisgata 49 og gönguleið að vita

Við undirrituð lóðarhafar á Álfaskeið 38 höfum fengið bréf dagsett 05.05.2021 þar sem okkur er tilkynnt um væntanlegar breytingar á deiliskipulagi á Hverfisgötu 49. Okkur er boðið sem hagsmunaraðilum að tjá okkur um tillöguna.

Við gerum athugasemd við hæð veggja að þakkanti í tillögu að nýbyggingu, sem færí vel á því að vera sú sama og á núverandi húsi að Hverfisgötu 49 sem stendur út við götu.

Við viljum benda á að kvöð um gönguleið á norðurhluta lóðar er í okkar huga óþörf þar sem mjög mikið rask og kostnaður myndi fylgja því að gera aðgengi um þessu umferðarkvöð.



Ef aðgengi ætti að vera að vitanum úr austri þarf a.m.k. 2 meiriháttar inngríp með mannvirkjum – sjá eftirfarandi:



1. Aftan við Hverfisgötu 47 þyrfti að ganga frá miklum tröppum til að brúa þann mikla hæðarmun sem þar er á hraunkantinum.



2. Aftan við Hverfisgötu 45 myndar hraunið skarð inn í lóðarræmu bæjarins sem þyrfti að loka með stoðvegg og fylla í.

Með það í huga, sem hér hefur verið rakið hvað varðar gönguleið á norðurhluta lóðar, Hverfisgata 49 og mikinn kostnað því samfara er það okkar ósk að þessi kvöð verði felld niður og þá óskum við einnig að felld verði niður kvöð um gönguleið í jaðri lóðar Álfaskeið 38 þ.e. milli Álfaskeið 38 og Hverfisgötu 45, en eigandi lóðarinnar Hverfisgötu 45 er þeirri ráðstöfun samþykkur.

Vakin er athygli á að samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti er gert ráð fyrir gönguleið að vitanum frá göngustíg milli Hverfisgötu og Vitastígs þ.e. fyrir ofan Hverfisgötu 37, 39 og 41 og fyrir neðan Vitastíg 10 og 12.

Óskum við eftir að Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykki þessar
deiliskipulagsbreytingar þ.e. að lóðin að Hverfisgötu 49 og Álfaskeið 38, stækki,
sem þessu nemur.

Viðingafyllst,

Kristján Loftsson

Kristján Loftsson, Laugarásvegi 19, 105 Reykjavík

Kristján Loftsson

Birna Loftsdóttir, Álfaskeið 38, 220 Hafnarfirði